

BLÁFJALLANEFND

Ár 2003. Þriðjudaginn 30. sept. var haldinn 230. fundur Bláfjallanefndar. Fundurinn var haldinn í Bláfjallaskála og hófst kl. 18:00. Viðstaddir voru: Ingvar Sverrisson formaður, Páll Ármann Eggertsson, Ragnar Örn Pétursson, Ingi Þór Hermannsson, Andrés Ingólfsson, Páll Grétarsson og Sigurður B. Guðmundsson.

Jafnframt: Logi Sigurfinnsson framkvæmdastjóri, Grétar H. Þórisson forstöðumaður og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem skrifaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf Seltjarnarnesbæ dags. 12. sept. sl. þar sem tilkynnt er að Egill T. Jóhannsson hafi verið tilnefndur aðalmaður í Bláfjallanefnd og Ingimar Sigurðsson til vara.
2. Lagt fram bréf Hafnarfjarðarbæjar dags. 7. júlí sl. þar sem tilkynnt er að Páll Ármann Eggertsson hafi verið kosinn í Bláfjallanefnd.
3. Lögð fram fundargerð seinasta fundar. Ekki gerðar athugasemdir.
4. Lagðar fram fundargerðir rekstrarstjórn nr. 49-51. Umræður.
5. Lagt fram 6 mánaða uppgjör skíðasvæða.
6. Lögð fram drög að starfsáætlun fyrir árið 2004.
7. Lögð fram tillaga að verðskrá skíðasvæða 2003-2004. Frestað.
8. Lagt fram yfirlit yfir framkvæmdir á skíðasvæðum sem fram hafa farið á árinu. Jafnframt lagt fram yfirlit um viðskipti sem farið hafa í gegn hjá Innkaupastofnun.
9. Lögð fram að nýju drög að samþykktum fyrir stjórn skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins og Bláfjallafólkvangs - áður Bláfjallanefnd. Samþykkt samhljóða.

Kl. 19:30 vék Ragnar Örn Pétursson af fundi.

10. Lögð fram skýrsla um framkvæmdir 2003-2007 á skíðasvæðinu í Bláfjöllum til Skipulagsstofnunar.
11. Lagðar fram teikningar af stækkun Ármannsskála. Bláfjallanefnd samþykkir framkvæmdina fyrir sitt leyti.
12. Lagt fram bréf Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis dags. 3. júní sl. varðandi uppgæðslu á skíðasvæðum í Bláfjöllum.
13. Lagt fram bréf umhverfis- og heilbrigðisnefndar Reykjavíkurborgar dags. 27. júní sl. þar sem fram kemur að umsögn framkvæmdastjórnar vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins vegna uppgæðslu á skíðasvæðum í Bláfjöllum hafi verið samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:50.

Ingvar Sverrisson

Páll Ármann Eggertsson
Sigurður B. Guðmundsson
Ragnar Örn Pétursson

Páll Grétarsson
Ingi Þór Hermannsson
Andrés Ingólfsson